

## Stjórnarfundur 6 fimmtudaginn 9. ágúst 2018 kl. 16.30 á skrifstofu BLÍ.



Mætt; Jason Ívarsson, formaður, Andri Hnikarr Jónsson, Steinn Einarsson Svandís Þorsteinsdóttir. *Afboð og mættu ekki;* Árni Jón Eggertsson, Stefán Jóhannesson, Sigurbjörn Árni Arngrímsson og Kristín Hálfánardóttir.

### Dagskrá

- Mótahald
- Starfsmannamál
- Fjármál
- Landsliðsmál
- Styrktarsjóður landsliðsmanna
- Önnur mál

### Fundargerð

**Mótahald:** Skráð keppnislið næsta tímabils eru jafnmörg og síðasta tímabil. Enn er óvíst með þátttöku meistaraflokksliða Stjörnunnar.

Mótanefnd er að vinna úr umsóknum um mótahald vetrarins. Það er búið að raða Íslandamótinu niður miðað við að Stjarnan verði meðal þátttökuliða.

**Starfsmannamál:** Alls hafa borist 32 umsóknir um starf verkefnastjóra. Unnið er að flokka umsóknirnar og í kjölfarið verða valdir umsækjendur boðaðir í viðtal.

**Fjármál:** Undirbúningsnefnd EM leikjanna hefur allar klær úti til þess að afla tekna fyrir verkefnið. RÚV ætlar að sýna heimaleikina í beinni útsendingu en væntanlega þarf að greiða fyrir þær útsendingar.

**Landsliðsmál:** Tekið var fyrir bréf frá landsliðskonum. Landsliðsnefndin hefur þegar fundað með hópnum og skýrt sína afstöðu og leiðrétt meintan misskilning.

**Styrktarsjóður landsliðsmanna:** Rætt var um úthlutunarreglur fyrir styrktarsjóð landsliðsmanna sem komið var á fót á eftir öldungamóti. Reglurnar þurfa að vera einfaldar og skýrar. Lagt var til að skipa nefnd þriggja manna frá BLÍ, landsliðsnefnd og öldungaráði til þess að semja reglurnar.

**Önnur mál:** Nýtt merki BLÍ var kynnt og samþykkt að byrja að nota það strax. Félagaskiptareglur CEV voru kynntar.

*Fleira ekki tekið fyrir og fundi var slitið klukkan 18.28  
Fundargerð ritaði Jason Ívarsson*